

# Hrafnkell Helgason 1928-2010


Kynni okkar Hrafnkels hófust skömmu fyrir 1970 og þannig að ég þurfti að hafa tal af vini mínum, Hrafnkeli Stefánssyni, síðar lyfsala, er í hjáverkum vann við að koma upp lyfjabúri á Vífilstöðum. Síma vorðurinn þekkti að vonum ekki annan Hrafnkel en Hrafnkel Helgason yfirlækni og hann kom í símann. Ég vissi þá lítil deili á Hrafnkeli önnur en þau að hann væri bróðir Sigurðar, skólabróður míns og samstúdents. Síðar áttum við Hrafnkell eftir að hafa ýmislegt saman að selda.

Hrafnkell gerðist prófdómari í munnlegum prófum í lyfjafræði og eiturefnafræði og skilaði því með miklum ágætum, enda var honum fremur mörgum öðrum gefið að greina á milli meginatriða og minni atriða. Eftir að próf urðu skrifleg naut ég þess um tíma að hann færi yfir prófurlausnir með mér, meðan það verklag var enn viðhaft. Er mér þökk í huga fyrir hjálpsemi hans í þessu efni.

Við ræddum fyrr á árum oft um, hve vegur læknadeildar væri í raun lítill innan Háskóla Íslands og hve stjórnýsla væri þar ófullveðja og ómarkviss. Við lögðum því til við læknadeild, ásamt kollega okkar, að Háskóla Íslands yrði skipt upp í sjálfstæða skóla, Heilbrigðisháskóla og fleiri skóla, sem þó mættu vera undir einum hatti ef betra þætti. Þetta náði ekki fram að ganga. Nokkurt spor hefur þó verið stigið í þessa átt með sviðaskiptingu Háskóla Íslands. Verður þessi skipun vonandi til bóta.

Hrafnkell hafði vakandi áhuga á landi Vífilstaða og verndun þess. Fór ég af þeim sökum með honum og öðrum margar gönguferðir um landið og á landamerki jarðarinnar. Við höfðum veitt því athygli að hvorki er Vífilstaðasels getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, né í grundvallarriti um sel á Íslandi eftir þýskan mann (Egon Hitzler) frá árinu 1979. Enda þótt selið væri merkt á fáein kort, virtist lega þess óviss og fáir eða nær engir virtust þekkja það. Hrafnkell „fann“ svo selið skömmu eftir 1980. Í framhaldi af því röktum við svo selgötuna í átt að Vífilstaðavatni vestanvert í Grunnvatnsskarði. Þessi ganga, í fögru veðri að sumarlagi og með fjölskyldu Hrafnkels, er mér enn í dag lifandi í minningunni og er vissulega nátengd persónu hans.

Hrafnkell hafði ungar að árum verið hestaveinn föður síns, héraðslæknis í víðlendu læknishéraði, og hafði fengið nóg af hestum, já, meira en nóg af hestum! Í samtölum við hestamenn lét hann þess ósjaldan getið að hross væru best



Ljósni: Védís Skarphéðinsdóttir.

*Hrafnkell Helgason á heimili sínu í Garðabæ árið 2005.*

komin söltuð í tunnu og þannig ætluð til átu. Hrelldi hann með þessu óneitanlega margan saklausan hestamann. Engu að síður lét hann Magnús Kristjánsson ráðsmann hressa upp á gömlu hestagirðinguna á Vífilstöðum, svo ég gæti haft þar mína hesta í vorbeit og haustbeit. Hélt svo um mörg ár eða þar til ég líkt og fleiri varð undir við útrás golfvíkinga. Fékk ég þá enn beit annars staðar á Vífilstöðum og hélt svo fram yfir aldamót, að mig þraut kraft og þrek til þess að stunda sjálfstæða hestamennsku. Fyrir þetta verð ég Hrafnkeli ævinlega þakklátur.

Síðast talaði ég við Hrafnkel í síma stuttu fyrir andlátinu. Hann hafði þá verið mikið veikur, en leið betur í svip. Hann dró ekki dul á að stutt væri eftir að endalokum og ég vissi að það væri satt. Ég hafði skömmu áður heimsótt Vífilstaðaspítala í tilefni 100 ára afmælisins. Mér hafði þá runnið til rifja að sjá þetta ágæta hús autt og tóm og þá hrörnun sem þegar er sýnileg í húsakosti á staðnum. Ég heyrði það á Hrafnkeli að hann hefði ekki treyst sér til að heimsækja Vífilstaði – ekki vegna veikinda, heldur vegna tómsins og hirðuleysisins á staðnum.

Ég kveð góðan dreng og góðan lækni með trega í huga og færi góðri eiginkonu hans, börnum og skyldfólki innilegar samúðarkveðjur.

*Þorkell Jóhannesson*